

## Íbúafundur Háaleitis og Bústaða

Réttarholtsskóli  
21. janúar 2013, kl. 17.00

---

Ágætu íbúar Háaleitis og Bústaða og aðrir gestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á íbúafund Háaleitis og Bústaða í Réttarholtsskóla.

Á þessum fundi leggjum við áherslu á hverfapottana svokölluðu – en svo kallast skipting fjármagns milli hverfa borgarinnar sem kosið er um í rafrænum íbúakosningum. Í fyrra var í fyrsta skipti farið í bindandi kosningu um hverfapottana og kosið um hugmyndir að verkefnum fyrir alls 300 milljónir undir yfirskriftinni **Betri hverfi**.

Í ár verður leikurinn endurtekinn og aftur veitt 300 milljónum í hverfapottana.

Á eftir ætla ég að renna yfir stöðu verkefnanna sem þið völduð í kosningunni í fyrra en fyrst langar mig til að fara almennt yfir helstu málefni hverfisins.

Þið vitið auðvitað manna best hvað er gott við hverfið ykkar. Háaleitis- og Bústaðahverfi eru gróin og falleg. Í næsta nágrenni við Bústaðahverfið eru Elliðaárdalurinn og Fossvogsdalurinn – sem báðir eru afar vinsælir til íþróttaiðkunar og útivistar.

Hér eru frábærar gönguleiðir og samkvæmt talnaspekingum hjá borginni mælast göngu- og hjólreiðastígar í hverfinu nú 37 km. Og þá erum við auðvitað ekki að telja með gangstéttar meðfram götum. Í hverfinu eru svo 73 bekkir og 90 ruslastampar.

---

Í þessu hverfi búa rúmlega fjórtán þúsund manns. Hér er óvenju hátt hlutfall eldri borgara, 67 ára og eldri – eða um 17% íbúa – miðað við rúmlega 11% meðaltal í borginni allri.

Það er þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis – sem staðsett er í Síðumúla 39 – sem sinnir þjónustu fyrir þetta hverfi.

Þetta er stærsta þjónustumiðstöð borgarinnar og þar sem meðalaldurinn hér er hærri en annars staðar er þjónusta við aldraða meiri en í öðrum hverfum borgarinnar. Sama gildir fyrir þjónustu fyrir fatlaða.

Hjá þjónustumiðstöðinni er búið að sameina félagslega heimaþjónustu, heimahjúkrun og kvöld- og helgarþjónustu undir einn hatt. Það var gert til einföldunar fyrir þá sem nýta sér þessa þjónustu.

Þar er einnig unnið að því að kortleggja brottfall ungmenna í hverfinu úr framhaldsskólum og kanna hvaða þjónustu hægt er að bjóða þeim til að tryggja að þau ljúki framhaldsskólanum.

Verkefnið er unnið í samstarfi við grunnskóla hverfisins og framhaldsskólann Fjölbraut í Ármúla.

Í Háaleiti og Bústöðum eru 7 leikskólar með um 600 börn en faglegar áherslur í leikskólasterfinu eru margvíslegar.

Útikennsla og umhverfismennt skipa veigamikinn sess á báðum skólastigum enda stutt í fallega náttúru í Fossvogsdalnum.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri heldur utan um frístundastarf í hverfinu fyrir börn og unglinga.

Í Kringlumýri er jafnframt þekkingarmiðstöð um frítíma fatlaðra barna og þar er haldið utan um frítímastarf fyrir nemendur Klettaskóla.

Leiðarljós í frístundastarfinu er virk þátttaka, reynslunám, lýðræði og jafnræði. Skólar og frístundamiðstöð hafa svo

---

sérhæft sig með ýmsu móti – til dæmis í þjónustu við fatlaða, tungumálakennslu og lestrarnámi.

Framkvæmdir standa yfir við þrjá skóla í hverfinu.

Verið er að gera umfangsmiklar endurbætur á Breiðagerðisskóla en húsnæðið þar er komið til ára sinna.

Í fyrsta áfanga er elsta álma skólans tekin í gegn til að færa hana í nútímalegra horf með betri aðstöðu fyrir hópvinnu.

Þessum framkvæmdum á að vera lokið fyrir skólabyrjun næsta haust en nemendur á miðstigi hafa verið tímabundið í Háaleitisskóla.

Við Breiðagerðisskóla var sett upp boltagerði í fyrra og í ár verður áfram unnið að endurbótum á lóð.

Við Réttarholtsskóla er verið að vinna að endurgerð skólalóðarinnar og hófst sú vinna síðasta sumar. Framkvæmdum þar lýkur nú í sumar.

Einnig eru framkvæmdir hafnar við Klettaskóla til að bæta aðstöðu fatlaðra nemenda, svo sem með betri íþróttaaðstöðu og sundlaug.

Loks má nefna það hér að í undirbúningi er að endurgera skólalóð Fossvogsskóla í samvinnu við skólastjórnendur.

Af öðrum framkvæmdum í Háaleiti og Bústöðum á næstunni er það að segja að auk framkvæmda við skólana verður áfram unnið að því að bæta sviðsljósa- og hljóðbúnað Borgarleikhússins.

Einnig verður áfram unnið við ræktun og frágang gönguleiða í nýju hverfi við Sléttuveg.

Oft hefur verið spurt um sundlaug í Fossvogi. Um hana er það að segja að starfandi er hópur á vegum Kópavogs og Reykjavíkur til að skoða möguleika á samstarfi

---

sveitarfélaganna um byggingu og rekstur sundlaugar í Fossvogi.

Starfshópnum er einnig ætlað að skoða mögulega staðsetningu slíkrar laugar. Hópurinn ráðgerir að skila af sér á næstu vikum og mun meðal annars hitta fulltrúa þeirra sem stóðu að undirskriftalistunum með áskorun á borgina um að byggja sundlaug í Fossvogi.

Áhugi fólks á umhverfisvernd er að aukast í Reykjavík og meðal markmiða okkar er að efla enn frekar umhverfisvitund.

Í Háaleiti og Bústöðum eru 3 endurvinnslugámar og þessa dagana erum við að innleiða bláu tunnuna – sem er fyrir pappír.

Bláa tunnann nýtist einnig undir fernur, umbúðapappír, prentpappír, sléttan pappa og karton. Það má semsagt setja það sama í bláar tunnur og bláa grenndargáma.

Í fyrra var haldinn fundur um aðalskipulagið í þessu hverfi og mig langar rétt að segja ykkur frá helstu áherslum þess – hvað Háaleiti og Bústaði varðar.

Í nýja aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að öll þjónusta verði inni í hverfunum sjálfum. Við erum að tala um að fá kaupmanninn aftur í hverfið og skósmiðinn á hornið. Reyndar er skósmiður í Grímsbæ en það er allt í lagi. Þeir mega alveg vera tveir.

Líkt og annars staðar í Reykjavík er markið hér sett á þéttingu byggðar og áhersla lögð á að blanda saman atvinnuhúsnæði og íbúðabygging.

Engar umfangsmiklar breytingar verða á hverfinu ef frá er talið Múlar, Suðurlandsbraut og Kringlusvæðið auk Sléttuvegar og lítils skika eilítið austar og nær Fossvogsdalnum.

En þá ætla ég að víkja að máli málanna – hverfapottunum – eða verkefninu **Betri hverfi**.

Fyrirkomulagið var þannig að íbúar í öllum hverfum sendu fyrst inn hugmyndir á vefinn sem síðan var kosið um í opinni rafrænni kosningu.

Kosningin var einstök að því leyti að í fyrsta sinn á Íslandi auðkenndu kjósendur sig með persónulegum veflykli.

Kjörsóknin var 8,1% og kosningin fór fram dagana 29. mars – 3.apríl.

Kosningin var bindandi og voru kjósendur á aldrinum 31–60 ára langvirkastir.

Meðal þeirra verkefna sem þið – íbúar í Háaleiti og Bústöðum – völduð og komust til framkvæmda voru nýir garðar og endurbætur á eldri görðum.

Óskir ykkar beindust þannig einkum að útivist og bættu umhverfi, en einnig var leiksvæði fyrir börn og fullorðna á óskalistanum.

Búið er að:

- Lagfæra göngustíg og leiksvæði fyrir ofan Kvistaborg.
- Setja upp timburgirðingu meðfram leiksvæði við Austurborg.
- Gangstétt við vestanverða Háaleitisbraut milli Austurvers og Listabrautar var lagfærð.
- Útivistarsvæði í austanverðum Fossvogsdal var lagfært og fegrað, meðal annars með gróðursetningu.
- Í Grundargerðisgarði var settur bekkur og bætt við gróður.
- Göngustígur frá Háagerði að þjónustuíbúðum við þúttvöll var malbikaður.
- Áningarstaðir með bekkjum voru settir upp við hituveitustokkinn.
- Hverfisgarður var útbúinn vestan Grensáskirkju.
- Leiksvæði í Ásgarði var snyrt og leiktæki lagfærð.

- Leiktæki voru endurnýjuð og körfuboltavöllur settur við Háaleitisskóla.
- Útivistaraðstaða var bætt í garði milli Hæðargarðs og Hólmgarðs.
- Umhverfi leikskólans Garðaborgar var snyrt.
- Merkingar við Hákonarlund voru endurnýjaðar.

Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir – sem þið völduð í kosningunni – var um 34 milljónir króna.

Á þessu ári ætlum við aftur að kalla eftir hugmyndum ykkar vegna nýrra verkefna og kjósa á milli þeirra. Eins og ég sagði áðan setjum við sömu upphæð í verkefnið – 300 milljónir.

Það er gaman að segja frá því að eftir því sem ég best veit er upphæðin sem við setjum í verkefnið sú hæsta sem kosið er um í sambærilegum kosningum í heiminum – og er þá miðað við höfðatölu.

Það komu hingað borgarfulltrúar frá New York um daginn og þeir eru með svipað verkefni í deiglunni.

Þeir sögðu okkur að í New York fengi fólk bara að ráðstafa brotabroti af þessari upphæð í kosningum.

Að lokum.

Ég trúí því að beint lýðræði sé framtíðin og íbúakosningin var svo sannarlega stórt skref í þá átt.

Með því að kjósa um forgangsroðun fjármuna getið þið haft áhrif á nærumhverfi ykkar og þjónustu borgarinnar.

Ég hvet ykkur öll til að koma með góðar og gagnlegar hugmyndir.

Látið rödd ykkar heyrast og setjið inn allar þær hugmyndir sem ykkur dettur í hug. Það er gríðarlega mikilvægt að þið takið þátt í þessu verkefni – sýnið ábyrgð og frumkvæði í ykkar hverfi.

Þið þekkið hverfið ykkar. Þið vitið þetta allt saman og þið getið látið okkur vita.

Við viljum líka tryggja að hugmyndirnar ykkar verði framkvæmdar eins og þið sáuð þær fyrir ykkur.

Þess vegna viljum við bæta samráðið varðandi framkvæmdina á þeim.

Þá er líka mikilvægt að dýrari hugmyndir fái að fljóta með í kosningunum – þannig að í staðinn fyrir að kjósa mörg lítil verkefni getið þið einnig kosið um færri og dýrari verkefni.

Þó auðvitað innan þeirra marka sem hverfapotturinn setur.

En þá ætla ég ekki að hafa þetta lengra.

Ég þakka ykkur kærlega fyrir að mæta á þennan fund og sýna það í verki að ykkur er umhugað um hverfið ykkar.

Takk fyrir.